

FUNDARGERÐ

Hluthafafundur Stefnis hf., kt. 700996-2479 var haldinn kl. 11:30, fimmtudaginn 22. ágúst 2019, að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Hrund Rudolfsdóttir bauð gesti fundarins velkomna og setti fundinn.

Fundarstjóri var kjörinn Harald Gunnar Halldórsson og Kristbjörg M. Kristinsdóttir fundarritari.

Farið var yfir umboð þess aðila sem mættur var fyrir hönd hluthafa á fundinn og þau lýst lögmæt. Mætt var af hálfu allra hluthafa félagsins. Engar athugasemdir komu fram við boðun fundarins. Lýstu allir hluthafar yfir lögmæti fundarins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag. Fundurinn taldist því lögmætur hluthafafundur.

Gengið var til dagskrár fundarins:

1. Stjórnarkjör

Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989, gengur úr aðalstjórn félagsins.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, kt. 180863-3629, var kjörin í aðalstjórn félagsins.

2. Önnur mál löglega borin upp

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, tók þá til máls. Þakkaði hann fráfarandi stjórnarformanni fyrir gott og árangursríkt starf í þágu félagsins yfir langt árabil. Þá óskaði hann nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi.

Hrund Rudolfsdóttir, fráfarandi stjórnarmaður þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf og óskaði nýjum stjórnarmanni heilla í nýju starfi.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir tók þá til máls og þakkaði sýnt traust hluthafa félagsins.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Prókúruhafa var falið að tilkynna ákvörðun fundarins til fyrirtækjaskrár.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Reykjavík, 22. ágúst 2019



Harald Gunnar Halldórsson
fundarstjóri



Kristbjörg M. Kristinsdóttir
fundarritari